



Stjórnskipulag
Sjúkrahússins á Akureyri

Júní 2026

Efnisyfirlit

1. Skipurit....2
2. Inngangur....2
3. Forstjóri....2
4. Framkvæmdastjórn....3
5. Svið faglegrar framþróunar....4
6. Svið klínískrar þjónustu....6
7. Svið rekstrar og klínískrar stoðþjónustu....7
8. Mannauðssvið....8
9. Skrifstofa fjármála....9
10. Starfseiningar....10
11. Ábyrgðarsvið stjórnenda Sjúkrahússins á Akureyri....14
12. Starfsreglur um ráðningar og ráðningavald á Sjúkrahúsinu á Akureyri....19
13. Erindisbréf forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri....20
14. Yfirlýsing frá forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri....23
15. Handhafar valds frá forstjóra....25
16. Endurskoðun....26

1. Skipurit



2. Inngangur

Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús og annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins. Þar er veitt sérhæfð heilbrigðisþjónusta með áherslu á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir. Auk þess er sjúkrahúsið vettvangur kennslu og rannsókna á heilbrigðissviði. Lögð er áhersla á samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir og þátttöku í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á landsvísu.

Á sjúkrahúsinu er miðstöð læknisfræðilegrar þjónustu sjúkraflugs í landinu og gegnir sjúkrahúsið lykilhlutverki í almannavörnum sem varasjúkrahús Landspítala.

Stjórnskipulagi er ætlað að þjóna starfsemi og verkefnum sjúkrahússins á hverjum tíma og því nauðsynlegt að endurskoða skipuritið í takt við þróun og þarfir starfseminnar. Skipurit uppfært í maí 2026.

3. Forstjóri

Forstjóri starfar samkvæmt 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Þar segir: „Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma.“ Í 5. málsgrein sömu lagagreinar segir: „Um skyldur og ábyrgð forstjóra heilbrigðisstofnana gilda lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

Forstjóri tryggir að árlega séu lagðar fram sérstakar áætlanir framkvæmdastjórnar. Forstjóri velur sér staðgengil. Í fjarveru valins staðgengils tilnefnir forstjóri tímabundinn staðgengil úr hópi framkvæmdastjóra sé þess þörf. Undir forstjóra heyra fimm framkvæmdastjórar, fjármálastjóri og fagráð.

Forstjóri ber ábyrgð á að unnin sé starfsemis- og rekstraráætlun árlega.

4. Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn er skipuð fimm stjórnendum auk forstjóra. Það eru framkvæmdastjóri hjúkrunar, framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri mannauðssviðs, framkvæmdastjóri klínískrar þjónustu og framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stoðþjónustu.

Framkvæmdastjórn heldur reglulega fundi sem forstjóri boðar til. Fundargerðir eru aðgengilegar starfsfólki sjúkrahússins eftir að samþykkt liggur fyrir á næsta fundi. Aukafundir framkvæmdastjórnar eru haldnir ef þörf krefur.

Framkvæmdastjórn stýrir starfsemi og rekstri sjúkrahússins sem heild undir stjórn forstjóra.

Ábyrgð framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn hefur forgöngu um að marka stefnu og framtíðarsýn sjúkrahússins og að unnið sé markvisst að þeim áherslum sem í stefnunni felast.

Framkvæmdastjórn gerir áætlanir um heildarstarfsemi sjúkrahússins, fylgir þeim eftir og tryggir að farið sé að lögum og fyrirmæli stjórnvalda virt.

Áætlanir

Gerðar eru sérstakar áætlanir um

- Starfsemi og rekstur (starfsáætlun og fjárhagsáætlun)
- Viðhald og framkvæmdir á húsnæði
- Viðhald, endurnýjun og kaup á nýjum búnaði
- Fræðslu- og vísindastarf
- Mönnun og viðhald þekkingar

Framkvæmdastjórn sér til þess að gerðar séu ítarlegar greiningar varðandi rekstur, mannauð og starfsemi, fylgir þeim eftir og bregst við eftir þörfum.

Leitast er við að stýra þannig starfsemi og rekstri, samhæfa þjónustu og tryggja að starfsemin sé í samræmi við bæði stefnu, fjárlög og þjónustusamninga við Sjúkratryggingar Íslands.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni samninga s.s. við aðrar stofnanir, fyrirtæki, starfsfólk og stéttarfélög.

Framkvæmdastjórn skipar í nefndir og ráð sjúkrahússins eftir atvikum, skilar ársreikningum og ársskýrslu og vinnur að stöðugum umbótum í starfseminni.

Önnur helstu verkefni framkvæmdastjórnar

- Stuðla að og styðja við faglega þróun þjónustu
- Styðja við starfsfólk og sjá til þess að unnið sé samkvæmt mannauðsstefnu og áætlun um öryggi og heilbrigði
- Skipulagning og þróun gæða- og öryggismála í samráði við starfsfólk og stjórnendur
- Sjá til þess að gæðavottunum og gæðavísum sé viðhaldið og fylgt eftir

- Tryggja virkt atvikaskráningakerfi og leiðir til að koma á framfæri athugasemdum um starfsemina bæði frá starfsfólki og notendum þjónustunnar
- Vinna úr atvikum, kvörtunum og kærum
- Styrkja umgjörð stærri verkefna með formlegri verkefnastjórnun
- Tryggja markvissa skjölun og varðveislu gagna
- Sitja í viðbragðsstjórn sjúkrahússins og sjá til þess að á stofnuninni sé virkt áhættumat og viðbragðsáætlanir
- Stuðla að þverfaglegri samvinnu í allri starfsemi og leita leiða svo jafnræði ríki milli starfsstétta
- Stuðla að góðu upplýsingaflæði bæði innan og utan sjúkra hússins
- Vinna að eflingu samstarfs við aðrar heilbrigðisstofnanir
- Styðja við starfsþróun og símenntun starfsfólks
- Vinna að framförum í rannsóknum og vísindavinnu
- Stuðla að því að sjúkrahúsið sé öflugur vettvangur kennslu og rannsókna og tryggja samstarf og tengsl við háskóla og aðrar menntastofnanir

Í framkvæmdastjórn er verkefnum skipt á milli einstakra framkvæmdastjóra skv. starfslýsingum, ábyrgðasviði og ákvörðun forstjóra.

Framkvæmdastjórn deilir ábyrgð og valdi til ákvarðanatöku út til starfseininga sjúkrahússins í samræmi við gildandi stjórnskipulag. Hún leggur áherslu á þverfaglega samvinnu í allri starfseminni og kallar stjórnendur og starfsfólk til setu á framkvæmdastjórnarfundum eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórn skal leitast við að ná samkomulagi um öll mál sem eru þar til afgreiðslu. Verði ágreiningur eða náist ekki samkomulag ræður atkvæði forstjóra niðurstöðu.

5. Svið faglegrar framþróunar

Sviði faglegrar framþróunar er ætlað að styðja við faglega framþróun og samhæfingu. Framkvæmdastjórar hjúkrunar og lækninga leiða það svið. Um framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga segir í 10. gr. laga um heilbrigðisþjónustu 40/2007:

„Fagstjórnendur. Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra.“

Ábyrgð framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga

- Eru leiðtogar faglegrar framþróunar á sjúkrahúsinu. Þeim er ætlað að vinna markvisst saman að vísindum, menntun, gæða- og öryggismálum, faglegri forystu og þróun, samhæfingu þjónustu sérgreina og sérsviða bæði á sviði klínískrar þjónustu og á sviði rekstrar og klínískrar stoðþjónustu, auk þess að veita stjórnendum faglegan stuðning.

- Vinna náið með framkvæmdastjóra klínískrar þjónustu og saman mynda þau „þríeyki“ sem vinnur að samvinnu milli deilda, góðu upplýsingaflæði og samræmingu verkferla með það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu. Náið samstarf er einnig við framkvæmdastjóra mannauðssviðs og framkvæmdastjóra rekstrar og klínískrar stoðþjónustu. Eru mikilvægir þátttakendur í umsjón og skipulagi varðandi nýja legudeildarbyggingu.
- Framkvæmdastjóri lækninga ber ábyrgð á lækningum á sjúkrahúsinu. Viðkomandi styður við faglega þróun lækninga og starfsþróun lækna og vinnur jafnframt að faglegri þróun annarra heilbrigðisstétta í samstarfi við aðra framkvæmdastjóra.
- Framkvæmdastjóri hjúkrunar ber ábyrgð á hjúkrunarstörfum á sjúkrahúsinu. Viðkomandi styður við faglega þróun hjúkrunar og starfsþróun hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraliða og vinnur jafnframt að faglegri þróun annarra heilbrigðisstétta í samstarfi við aðra framkvæmdastjóra.
- Framkvæmdastjóri hjúkrunar ber ábyrgð á málefnum sem tengjast gæðum, öryggi sjúklinga og atvikum og sýkingavörnum auk þess að vinna að eflingu flæðisstýringar á sjúkrahúsinu auk þess að vera í forsvari fyrir starfsemi viðbragðsstjórnar.
- Framkvæmdastjóri lækninga ber ábyrgð á starfsemi deildar mennta og vísinda, námslæknum og sjúkraflutningaskólanum. Viðkomandi ber jafnframt ábyrgð á meðferð alvarlegra atvika, kæra og kvartana og að þeim sé komið í viðeigandi ferli.
- Eru tengiliðir við aðrar heilbrigðisstofnanir og aðra starfsemi um málefni sem tengjast lækningum og hjúkrun.
- Deildarstjórum og yfirlæknum einstakra starfseininga ber að taka tillit til athugasemda og ábendinga framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga varðandi fagleg málefni, sýn og markmið sjúkrahússins í heild.
- Heyra beint undir forstjóra og bera faglega, rekstrarlega og starfsmannalega ábyrgð. Heimild er fyrir framsali einstakra stjórnunarþátta til annarra stjórnenda.

Einingar innan sviðs faglegrar framþróunar

- Gæðadeild
- Deild mennta- og vísinda
- Sjúkraflutningaskólinn

Framkvæmdastjórar hjúkrunar og lækninga munu í samstarfi við ofangreint starfsfólk/einingar þróa starfsemi og umgjörð sviðsins í samræmi við stefnu og markmið sjúkrahússins.

Nefndir og ráð undir sviði faglegrar framþróunar

Framkvæmdastjóri lækninga

- Eftirlitsnefnd með aðgengi að sjúkraskrám
- Endurlífgunarráð
- Siðanefnd
- Vísindaráð
- Vísindasjóður

- Fræðsluráð
- Sýkingavarnarráð
- Lyfjanefnd

Framkvæmdastjóri hjúkrunar

- Gæðaráð
- Viðbragðsstjórn
- Faghópur fjölskyldustuðnings

Framkvæmdastjórar sviðsins bera ábyrgð á því að sett sé fram áætlun um fræðslu- og vísindastarf.

6. Svið klínískrar þjónustu

Á sviði klínískrar þjónustu er lögð áhersla á teymisvinnu milli deilda, samstarf milli göngu-, dag- og legudeilda og þverfaglegt samstarf.

Ábyrgð framkvæmdastjóra klínískrar þjónustu

- Vinnur náið með framkvæmdastjórum hjúkrunar og lækninga og saman mynda þau „þríeyki“ sem vinnur að samvinnu milli deilda, upplýsingaflæði og samræmingu verkferla með það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu.
- Ber að taka tillit til athugasemda og ábendinga framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar varðandi fagleg málefni. Framkvæmdastjóra mannauðssviðs ber að styðja framkvæmdastjóra klínískrar þjónustu sérstaklega hvað varðar mannauðsmál sviðsins. Jafnframt er áhersla lögð á upplýsingaflæði til bæði stjórnenda og starfsfólks í samstarfi við mannauðssvið, svið rekstrar og klínískrar stoðþjónustu og fjármálastjóra.
- Heyrir beint undir forstjóra og er með þrískipta ábyrgð, þ.e. faglega, rekstrarlega og starfsmannalega ábyrgð. Heimild er fyrir framsali einstakra stjórnunarþátta til annarra stjórnenda.
- Næstu undirmenn eru fagstjórnendur klínískra eininga samkvæmt 10. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Þeir bera þríþætta stjórnunarábyrgð á sinni einingu samkvæmt nánari starfslýsingu, þ.e. faglega, rekstrarlega og ábyrgð á starfsmannahaldi, þó með þeim takmörkunum sem lög kveða á um, sbr. gildandi ábyrgðarlýsingu „Ábyrgðarsvið stjórnenda Sjúkrahússins á Akureyri“.

Stjórnendur innan sviðs klínískrar þjónustu

- Deildarstjóri barnadeildar og forstöðulæknir barnalækninga
- Deildarstjóri bráðamóttöku og forstöðulæknir bráðalækninga
- Deildarstjóri dag- og göngudeildar geðdeildar, deildarstjóri legudeildar geðdeildar og forstöðulæknir geðlækninga
- Deildarstjóri lyflækningadeildar og forstöðulæknir lyflækninga
- Deildarstjóri skurðlækningadeildar, forstöðulæknir skurðlækninga og forstöðulæknir bæklunarskurðlækninga
- Deildarstjóri skurðstofu

- Deildarstjóri sæfingadeildar
- Deildarstjóri gjörgæsludeildar og forstöðulæknir sæfinga- og gjörgæslulækninga
- Deildarstjóri dagdeildar lyflækninga
- Deildarstjóri göngudeildar lyflækninga
- Deildarstjóri dag- og göngudeildar skurðlækninga
- Þjónustustjóri endurhæfingar- og öldrunarlækningaþjónustu
- Þjónustustjóri fæðingarþjónustu, geðþjónustu og barnadeildar

Nefndir og ráð undir sviði klínískrar þjónustu

- Skurðstofunefnd

7. Svið rekstrar og klínískrar stoðþjónustu

Svið rekstrar og klínískrar stoðþjónustu styður við klíníska starfsemi sjúkrahússins. Áhersla er lögð á að efla klíníska stoðþjónustu þannig að sérhæft heilbrigðisstarfsfólk geti í auknum mæli einbeitt sér að störfum sem byggja á sérhæfingu þess, með það að markmiði að draga úr álagi og efla starfsánægju.

Undir sviðið falla m.a. verkefni tengd innkaupum, birgðastýringu, samningum og útboðum. Þá gegnir sviðið mikilvægu hlutverki í þróun stafvæðingar, tækni- og upplýsingatæknimála í samstarfi við klínískar einingar, meðal annars á sviði myndgreininga og rannsókna þar sem tæknilausnir eru stór þáttur starfseminnar.

Jafnframt er lögð áhersla á skipulag og þróun stoðþjónustu í nánu samstarfi við klínískar einingar og aðra framkvæmdastjóra, meðal annars með þjónustusamningum og umbótastarfi.

Ábyrgð framkvæmdastjóra rekstrar og klínískrar stoðþjónustu

- Vinnur náið með öðrum framkvæmdastjórum að aukinni samvinnu, bættu upplýsingaflæði og samræmingu verkferla með það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu.
- Tekur tillit til athugasemda og ábendinga framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar varðandi fagleg málefni. Framkvæmdastjóri mannauðssviðs styður framkvæmdastjóra rekstrar og klínískrar stoðþjónustu sérstaklega hvað varðar mannauðsmál sviðsins.
- Vinnur að því að nýta gögn og tækni til að auka skilvirkni og árangur í starfseminni.
- Bygging nýrrar legudeildarbyggingar í samstarfi við NLSH ohf. fellur undir sviðið.
- Heyrir beint undir forstjóra og ber faglega, rekstrarlega og starfsmannalega ábyrgð. Heimild er fyrir framsali einstakra stjórnunarþátta til annarra stjórnenda. Ber ábyrgð á stýringu á innkaupum og vörulager.
- Ber ábyrgð á því að sett sé fram áætlun um viðhald og framkvæmdir á húsnæði og áætlun um viðhald, endurnýjun og kaup á nýjum búnaði. Framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stoðþjónustu tilnefnir staðgengil sinn í samráði við forstjóra.

- Næstu undirmenn framkvæmdastjórans eru fagstjórnendur starfseininga samkvæmt 10. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Þeir bera þríþætta stjórnunarábyrgð á sinni einingu samkvæmt nánari starfslýsingu, þ.e. faglega, rekstrarlega og ábyrgð á starfsmannahaldi, þó með þeim takmörkunum sem lög kveða á um, sbr. gildandi ábyrgðarlýsingu „Ábyrgðarsvið stjórnenda Sjúkrahússins á Akureyri“.

Stjórnendur innan sviðs rekstrar og klínískrar stoðþjónustu

- Deildarstjóri eldhúss
- Deildarstjóri heilbrigðisgagnafræðinga
- Deildarstjóri lyfjaþjónustu
- Deildarstjóri myndgreiningadeildar
- Deildarstjóri rannsóknadeildar og yfirlæknir rannsóknalækninga
- Deildarstjóri rekstrardeildar
- Deildarstjóri upplýsingatæknideildar

Nefndir og ráð undir sviði rekstrar og klínískrar stoðþjónustu

- Umhverfisráð
- Nýtingarnefnd húsnæðis
- Upplýsingaöryggisnefnd

8. Mannauðssvið

Mannauðssviði er ætlað að framfylgja stefnu í mannauðsmálum. Mannauðssvið veitir upplýsingar og ráðgjöf um mannauðsmál til fagstjórnenda og starfsfólks.

Ábyrgð framkvæmdastjóra mannauðssviðs

- Ber ábyrgð á að veitt sé ráðgjöf og aðstoð í mannauðsmálum, þar á meðal vegna erfiðra starfsmannamála, ráðningarferla, gerðar starfslýsinga, árangursmats, starfsmats og gerðar starfsreglna um framkvæmd mannauðsmála.
- Ber ábyrgð á að tryggja að lögum og reglum sé framfylgt í meðferð starfsmannamála.
- Ber ábyrgð á að afgreiðsla launa- og kjaratengdra mála sé í samræmi við lög og kjarasamninga stofnunarinnar og tryggir samræmt verklag við afgreiðslu launatengdra mála sem og samræmi við jafnlaunaviðmið stofnunarinnar.
- Ber ábyrgð á eftirfylgni jafnlaunavottunar.
- Ber ábyrgð á að stutt sé við heilsueflingu starfsfólks.
- Ber ábyrgð á málefnum sem varða skjalastjórnun, utan skjala í sjúkraskrám.
- Upplýsingagjöf innan og utan stofnunar.

- Lögfræðiþjónustu stofnunarinnar.
- Leggur áherslu á að efla teymisvinnu milli deilda og bæta upplýsingaflæði til stjórnenda og starfsfólks í samstarfi við svið faglegrar framþróunar, svið klínískrar þjónustu, svið rekstrar og klínískrar stoðþjónustu og fjármálastjóra.
- Heyrir beint undir forstjóra og ber faglega, rekstrarlega og starfsmannalega ábyrgð. Heimild er fyrir framsali einstakra stjórnunarþátta til annarra stjórnenda.
- Ber ábyrgð á að árlega sé lögð fram áætlun um mönnun og viðhald þekkingar.

Einingar innan mannauðssviðs

- Mannauðsdeild
- Skrifstofa forstjóra

Nefndir og ráð undir mannauðssviði

- Stuðningsteymi starfsfólks
- Jafnréttisnefnd
- Öryggisnefnd
- jafnlaunanefnd

9. Skrifstofa fjármála

Skrifstofa fjármála hefur það hlutverk að efla fjármálastjórnun og greiningar innan sjúkrahússins. Áhersla er lögð á að veita stjórnendum aðhald, greiningar og aðgang að upplýsingum til að styðja við markvissa, upplýsta og gagnadrifna ákvarðanatöku.

Ábyrgð fjármálastjóra

Fjármálastjóri

- Ber ábyrgð á stýringu fjármála, áætlanagerð og greiningu gagna.
- Ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni fjárhagsáætlana.
- Ber ábyrgð á eftirfylgni innleiðingar þjónustutengdrar fjármögnunar (DRG).
- Er leiðandi í hagnýtingu gagna og upplýsinga sem styðja við gagnadrifna ákvarðanatöku.
- Leiðir þróun verkefna tengdra fjármálum og gagnagreiningu, bæði varðandi starfsemi og fjárhag.
- Ber ábyrgð á því ásamt forstjóra að árlega sé lögð fram áætlun um starfsemi og rekstur.
- Næsti undirmaður fjármálastjóra er deildarstjóri skrifstofu fjármála

10. Starfseiningar

Yfir stjórnunareiningum lækninga er forstöðulæknir sérgreinar. Hann ber ábyrgð á læknisfræðilegri starfsemi einingarinnar og þjónustu hennar við sjúklinga í samræmi við starfslýsingu. Á starfssviði hans starfa sérfræðilæknar, faglegir yfirlæknar undirsérgreina og sérsviða, sérnámsgrunnslæknar, sérnámslæknar, almennir læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk samkvæmt nánari skilgreiningu í starfslýsingu.

Forstöðulæknir sérgreinar ber faglega ábyrgð á störfum námslækna meðan þeir starfa innan stjórnunareiningarinnar. Framkvæmdastjóri lækninga ber ábyrgð á niðurröðun og umsýslu ráðninga námslækna en forstöðulæknir sérgreinar ber starfsmannaábyrgð að því marki sem snýr að skipulagi starfa námslæknis á meðan hann starfar eða nemur undir stjórn viðkomandi.

Forstöðulæknir sérgreinar er heimilt að framselja faglega ábyrgð til faglegra yfirlækna í samráði við framkvæmdastjóra lækninga. Faglegir yfirlæknar bera ábyrgð á gæðum og framþróun starfsemi innan sinna sérsviða í samráði við forstöðulækni sérgreinar.

Stjórnunareiningar lækninga

Yfir stjórnunareiningum lækninga er forstöðulæknir sérgreinar. Hann ber ábyrgð á allri læknisfræðilegri starfsemi einingarinnar og þjónustu hennar við sjúklinga í samræmi við starfslýsingu. Á hans starfssviði starfa sérfræðilæknar og faglegir yfirlæknar undirsérgreina/sérsviða að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sérnámsgrunnslæknar, sérnámslæknar, almennir læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk sem nánar er tilgreint í starfslýsingu. Forstöðulæknir sérgreina ber faglega ábyrgð á störfum námslækna þann tíma sem þeir starfa á hans stjórnunareiningu. Niðurröðun og umsýsla ráðninga námslækna er á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga en forstöðulæknir sérgreina bera einnig starfsmannaábyrgð að því marki að skipuleggja störf námslæknis þann tíma sem hann starfar/nemur undir hans stjórn. Forstöðulæknir sérgreinarinnar er heimilt að framselja faglega ábyrgð til faglegra yfirlækna í samráði við viðkomandi framkvæmdastjóra. Faglegir yfirlæknar bera ábyrgð á gæðum og framþróun starfsemi innan sérsviðs þeirra í samráði við forstöðulækni sérgreinarinnar.

Stjórnunareiningar lækninga eru:

a) Barnalækningar
Starfsemi barnalækninga og undirsérgreina þeirra.

b) Bráðalækningar
Starfsemi lækninga í bráðalækningum, greining og meðferð einstaklinga sem leita vegna slysa og/eða bráðra sjúkdóma.

c) Bæklunarskurðlækningar
Starfsemi bæklunarskurðlækninga og undirsérgreina þeirra.

d) Endurhæfingar- og öldrunarlækningar
Starfsemi endurhæfingarlækninga og öldrunarlækninga, sjúkraþjálfun á öllum deildum sjúkrahússins, iðjuþjálfun á Kristnesspítala og bráðadeildum, félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta á Kristnesspítala. Einnig fellur undir starfsemina útseld læknisþjónusta við Heilsuvernd hjúkrunarheimili.

e) Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar
Starfsemi í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum og undirsérgreinum þeirra ásamt félagsráðgjöf við aðrar deildir en geðdeild og endurhæfingar- og öldrunarlækningar á Kristnesspítala.

f) Geðlækningar
Starfsemi geðlækninga, sálfræðiþjónustu, iðjuþjálfunar og félagsráðgjafar tengdri geðlækningum.

g) Lyflækningar
Starfsemi lyflækninga og undirsérgreina þeirra, rannsóknastofa í lífeðlisfræði og næringarráðgjöf.

h) Myndgreiningalækningar
Starfsemi lækninga í myndgreiningu, þar með talið úrlestur mynda frá skjólstæðingum sjúkrahússins og annarra heilbrigðisstofnana og heilsugæslu í nágrannabyggðum.

i) Rannsóknalækningar
Starfsemi lækninga á sviði almennra rannsókna og sýklarannsókna.

j) Skurðlækningar
Starfsemi handlækninga og undirsérgreina þeirra, háls-, nef- og eyrnalækninga

k) Svæfinga- og gjörgæslulækningar
Starfsemi lækninga í svæfinga- og gjörgæslulækningum og undirsérgreinum þeirra, auk læknisfræðilegrar umsjónar með fastvængja sjúkraflugi. Forstöðulæknir sérgreinar ber ábyrgð á skipulagi starfsemi á skurðstofu sem formaður skurðstofunefndar samkvæmt nánari starfslýsingu.

Stjórnunareiningar hjúkrunar

Yfir stjórnunareiningu hjúkrunar er deildarstjóri. Hann ber ábyrgð á allri hjúkrun innan starfseiningarinnar og umönnun sjúklinga í samræmi við starfslýsingu. Á starfssviði deildarstjóra starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, deildarritarar og aðstoðarfólk. Deildarstjóra er heimilt að framselja faglega ábyrgð til sérfræðings í sérgrein hjúkrunar við deildina. Deildarstjóri hefur tilnefndan aðstoðardeildarstjóra sér við hlið.

Stjórnunareiningar hjúkrunar eru:

a) Dagdeild lyflækninga
Veitir ferlisjúklingum 18 ára og eldri hjúkrun og þjónustu vegna dagsjúkrahúsþjónustu og meðferða á sviði lyflækninga.

b) Göngudeild lyflækninga
Veitir ferlisjúklingum 18 ára og eldri hjúkrun og þjónustu. Starfsemi deildarinnar nær meðal annars til móttöku innkirtlasjúkdóma, minnismóttöku, meltingarfæraspeglunar, þvagfæra- og aðgerðastofu, blóðþynningarþjónustu, sáramóttöku og næringarráðgjafar. Á deildinni fer einnig fram móttaka sérfræðilækna og annarra sérfræðinga. Heimahlynning heyrir jafnframt undir starfsemi deildarinnar.

c) Dag- og göngudeild skurðlækninga
Veitir ferlisjúklingum hjúkrun og þjónustu tengda skurðlækningum, meðal annars vegna undirbúnings, meðferðar og eftirfylgdar valaðgerða og annarra sérhæfðra meðferða.

d) Barnadeild
Hjúkrun og umönnun legudeildarsjúklinga undir 18 ára aldri. Sjúklingar deildarinnar eru með sjúkdóma á flestum sviðum læknisfræðinnar auk barnalækninga og þar fer einnig fram þjónusta við ferlisjúklinga.

e) Bráðamóttaka
Hjúkrun og umönnun sjúklinga sem leita til bráðamóttöku vegna slysa og/eða bráðra sjúkdóma.

f) Fæðingadeild
Ljósmæðraþjónusta og umönnun tengd fæðingarþjónustu sjúkrahússins ásamt mæðravernd og þjónustu vegna áhættumeðgöngu.

g) Geðdeild
Hjúkrun og umönnun legudeildarsjúklinga 18 ára og eldri og þjónusta við ferlisjúklinga á öllum aldri. Þar er fyrst og fremst um að ræða sjúklinga með geðræna sjúkdóma, þó einhver skörun geti verið við aðrar deildir.

h) Gjörgæsludeild
Hjúkrun og umönnun sjúklinga á gjörgæslu og vöknun auk þjónustu við sjúklinga sem þurfa blóðskilun.

i) Endurhæfingadeild
Hjúkrun og umönnun sjúklinga í endurhæfingu og öldrunarlækningum auk þjónustu við ferlisjúklinga.

j) Lyflækningadeild
Hjúkrun og umönnun legudeildarsjúklinga 18 ára og eldri. Þar eru fyrst og fremst sjúklingar með sjúkdóma á sviði lyflækninga, þó einhver skörun geti verið við aðrar deildir.

k) Skurðlækningadeild
Hjúkrun og umönnun sjúklinga vegna almennra skurðlækninga, bæklunarskurðlækninga, kvensjúkdómalækninga og háls-, nef- og eyrnalækninga. Innritunarmiðstöð sér um innritun sjúklinga í valaðgerðir vegna lækningastarfsemi deildarinnar.

l) Skurðstofa og sótthreinsun
Hjúkrun og umönnun sjúklinga við bráða- og valaðgerðir sem framkvæmdar eru á skurðstofu. Starfsemin felur einnig í sér vaktir vegna bráðaspeglana utan dagvinnu. Sótthreinsun sér um dauðhreinsun verkfæra og tækja.

m) Svæfingadeild
Hjúkrun og umönnun sjúklinga í svæfingu ásamt því að sinna, í samstarfi við svæfingalækna, hvers konar svæfingum og deyfingum á sjúkrahúsinu.

Aðrar stjórnunareiningar

Yfir öðrum stjórnunareiningum er deildarstjóri. Hann ber ábyrgð á starfsemi einingarinnar í samræmi við starfslýsingu. Á starfssviði stoðþjónustu, klínískrar stoðþjónustu og annarra eininga starfar heilbrigðisstarfsfólk og/eða sérhæft starfsfólk í samræmi við verksvið viðkomandi einingar.

Deildarstjóra er heimilt að skipa teymisstjóra eininga eða verkefna í samráði við viðkomandi framkvæmdastjóra. Teymisstjóri ber faglega ábyrgð og ábyrgð á daglegri verkstjórn samkvæmt nánari skilgreiningu í starfslýsingu eða verkefnaskipulagi.

Deildarstjóri hefur tilnefndan staðgengil eða aðstoðardeildarstjóra.

Aðrar stjórnunareiningar eru:

a) Deild mennta- og vísinda
Sér um skipulag, umsjón og eftirlit með fræðslu, menntun og vísindum þvert á starfsemi sjúkrahússins. Meðal verkefna eru endurmenntun starfsfólks, hermikennsla, starfsnám háskóla- og framhaldsskólanema í heilbrigðisgreinum auk umsjónar með skipulagi framhaldsnáms í læknisfræði og hjúkrunarfræði.

b) Eldhús
Sér um matseld fyrir sjúklinga og ber jafnframt ábyrgð á matsal fyrir starfsfólk, nema, aðstandendur sjúklinga og gesti.

c) Lyfjaþjónusta
Sér um innkaup og birgðahald lyfja, dreifingu þeirra á deildir og blöndun krabbameinslyfja til gjafar í æð fyrir dagsjúklinga og inniliggjandi sjúklinga. Lyfjaþjónustan er einnig í samstarfi við almenn apótek á þjónustusvæði sjúkrahússins um afhendingu sjúkrahúslyfja. Markmið starfseminnar er að tryggja hagkvæm innkaup, bætta nýtingu lyfja í samstarfi við heilbrigðisstarfsfólk og að lyf séu geymd og meðhöndluð við viðeigandi aðstæður.

d) Miðstöð heilbrigðisgagnafræðinga
Sinnir þjónustu heilbrigðisgagnafræðinga fyrir sjúkrahúsið og hefur umsjón með skjalasafni heilbrigðisgagna.

e) Myndgreiningadeild
Annast móttöku og umönnun sjúklinga auk undirbúnings þeirra fyrir myndgreiningarrannsóknir og hópleitir. Deildin starfar í nánu samstarfi við annað heilbrigðisstarfsfólk innan og utan sjúkrahússins.

f) Rannsóknadeild
Sinnir rannsóknum á sýnum m.a. vefjasýnum (meinafræði), frá sjúklingum og veitir ráðgjöf um notagildi rannsókna og túlkun niðurstaðna. Blóðbankinn sinnir blóðbankastarfsemi fyrir sjúkrahúsið og þar fer fram vinnsla blóðhluta.

g) Rekstrardeild
Tryggir sjúkrahúsinu rekstrarumhverfi með þjónustu á sviði fasteigna, vörustjórnun og tækniþjónustu. Deildin annast viðhald fasteigna og tækja, gerð útboðslýsinga og samskipti við

birgja. Undir rekstrardeild falla húsumsjón, saumastofa, tæknideild, miðlæg aðstoð, ræstingu og öryggisteymi.

h) Sjúkraflutningaskólinn
Skipuleggur og sinnir menntun á sviði sjúkraflutninga og bráðaþjónustu utan sjúkrahúsa samkvæmt samningi milli heilbrigðisráðuneytið og Sjúkrahússins á Akureyri. Skólinn starfar samkvæmt námskrá Embættis landlæknis um menntun sjúkraflutningamanna á Íslandi. Skólastjóri stýrir starfsemi skólans.

i) Skrifstofa fjármála
Annast bókhald, áætlanagerð, kostnaðargreiningar, innheimtu, upplýsingagjöf og önnur verkefni tengd fjármálum. Undir skrifstofu fjármála falla einnig símavarsla og móttaka í aðalanddyri.

j) Upplýsingatæknideild
Sinnir tölvu- og upplýsingatæknimálum sjúkrahússins og eftir atvikum samstarfi á því sviði við aðrar heilbrigðisstofnanir.

k) Skrifstofa forstjóra
Á skrifstofu forstjóra starfa samskiptastjóri, skjalastjóri, persónuverndarfulltrúi og sjúkrahúsprestur.

11. Ábyrgðarsvið stjórnenda Sjúkrahússins á Akureyri

Stjórnendur á Sjúkrahúsinu á Akureyri eru forstjóri, framkvæmdastjórar, fjármálastjóri, deildarstjórar og yfirlæknar. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri eru gerðar kröfur um yfirgripsmikla og sérhæfða þekkingu á stjórnun og sjúkrahússtarfsemi, auk leiðtogahæfileika.
Gerðar eru kröfur um fagþekkingu stjórnunarhæfni og leiðtogafærni hjá stjórnendum sjúkrahússins.

Stjórnendur starfa samkvæmt lögum reglum og fyrirmælum sem gilda um starfsemi sjúkrahússins þar á meðal:

- Lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007
- Lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997
- Lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012
- Lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018
- Lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009
- Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996
- Lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014
- Fjárlögum
- Kjarasamningum
- Reglum stjórnvalda og sjúkrahússins

Forstjóri

Forstjóri er skipaður af heilbrigðisráðherra og ber ábyrgð á að starfsemi sjúkrahússins sé í samræmi við lög stefnu stjórnvalda og erindisbréf forstjóra.

Forstjóri ber ábyrgð á:

- Þjónustu sjúkrahússins
- Rekstri og fjárreiðum
- Nýtingu fjármuna
- Stjórnskipulagi
- Stefnumótun stofnunarinnar
- Eftirfylgni með markmiðum og árangri starfseminnar

Forstjóri getur framselt vald sitt formlega og skriflega samkvæmt gildandi heimildum. Framsal stjórnunarvalds skal ávallt vera formlegt og skriflegt. Upplýsingar um framsalshafa skulu vera aðgengilegar starfsfólki sjúkrahússins.

Framkvæmdastjórar

Við sjúkrahúsið starfa:

- Framkvæmdastjóri hjúkrunar
- Framkvæmdastjóri lækninga
- Framkvæmdastjóri klínískrar þjónustu
- Framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stoðþjónustu
- Framkvæmdastjóri mannauðssviðs

Framkvæmdastjórar heyra beint undir forstjóra og bera ábyrgð gagnvart honum.

Framkvæmdastjórar bera:

- Faglega ábyrgð
- Rekstrarlega ábyrgð
- Starfsmannaábyrgð á sínu ábyrgðarsviði

Heimilt er að framselja afmarkaða stjórnunarþætti samkvæmt nánari ákvörðun forstjóra.

Að öðru leyti vísast til starfslýsinga og ábyrgðarsviðs einstakra framkvæmdastjóra.

I. Fagleg ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur bera ábyrgð á að þjónusta og starfsemi innan þeirra ábyrgðarsviðs sé í samræmi við lög fagleg viðmið og stefnu sjúkrahússins.

Gæði þjónustu og öryggi sjúklinga

Stjórnendur skulu:

1. Tryggja að þjónusta sé veitt samkvæmt bestu þekkingu og lögum um réttindi sjúklinga

2. Stuðla að samræmdum verkferlum og klínískum leiðbeiningum
3. Vinna samkvæmt viðurkenndum gæðaviðmiðum og stöðlum
4. Styðja við markvisst umbótastarf byggt á gögnum atvikaskráningu áhættumati og ábendingum
5. Setja mælanleg markmið og fylgja eftir árangursmælikvörðum
6. Efla teymisvinnu og samstarf
7. Tryggja gæði skráningar í sjúkraskrá
8. Styðja þróun stafrænnar þjónustu og rafrænnar sjúkraskrár
9. Taka mið af öryggi og gæðum við gerð rekstraráætlana

Þróun og viðhald fagþekkingar

Stjórnendur skulu:

1. Styðja starfsþróun og símenntun starfsfólks
2. Tryggja aðgengi að viðurkenndri endur- og símenntun
3. Stuðla að miðlun þekkingar og faglegri þróun

Starfsumhverfi

Stjórnendur skulu:

1. Tryggja aðstöðu, búnað og aðföng
2. Tryggja þjálfun á búnaði og tækjum
3. Stuðla að einföldun verkferla og nýtingu upplýsingatækni
4. Styðja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi

Mennta- og vísindastarf

Stjórnendur skulu:

1. Styðja fræðslu- og vísindastarf
2. Tryggja skipulagt og árangursríkt starfsnám nemenda
3. Hvetja til þátttöku í rannsóknum og birtinga vísindagreina
4. Styðja þátttöku meistara- og doktorsnema í vísindastarfi

Starfsþróun stjórnenda

Stjórnendur skulu:

1. Viðhalda og efla þekkingu á stjórnun og fagmálum
2. Efla samstarf og tengslanet stjórnenda
3. Þekkja eigin styrkleika og þróunartækifæri
4. Nýta stuðning og ráðgjöf við flókin stjórnunarverkefni

II. Starfsmannaábyrgð

Framkvæmdastjórar bera starfsmannaábyrgð á sínu sviði gagnvart forstjóra samkvæmt formlegu framsali stjórnunarvalds sem byggir á 50. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og gildandi framsalsyfirlýsingu forstjóra.

Framkvæmdastjóri getur ekki fríað sig ábyrgð með framsali verkefna eða stjórnunarþátta til annarra stjórnenda.

Yfirlæknar og deildarstjórar annast daglega framkvæmd þeirra þátta sem falla undir framsalið og bera ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs.

Framkvæmdastjórar bera sjálfir ábyrgð á framkvæmd starfsmannaábyrgðar gagnvart næstu undirmönnum sínum.

Starfsmannaábyrgð deildarstjóra og yfirlækna felur annars vegar í sér ábyrgð gagnvart starfsfólki viðkomandi starfseiningar og hins vegar gagnvart framkvæmdastjóra sviðs og framkvæmdastjórn.

Starfsmannaábyrgð stjórnenda felur meðal annars í sér:

- Ráðningar og móttöku nýs starfsfólks
- Starfslýsingar og verkskipulag
- Mannaflaáætlanir
- Starfsþróun og fræðslu
- Frammistöðumat og starfsmannasamtöl
- Skipulag vinnutíma og orlofs
- Upplýsingagjöf um starfskjör
- Lausn ágreiningsmála
- Eftirlit með starfsskyldum
- Meðferð áminninga
- Meðferð uppsagna og starfsloka

Ákvarðanir sem teljast einhliða eða íþyngjandi gagnvart starfsmanni skulu teknar með aðkomu framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs í samræmi við lög reglur og verklag sjúkrahússins.

Framkvæmdastjóri skal koma að ákvörðunum sem varða meðal annars breytingar á störfum áminningar uppsagnir starfslok og aðrar íþyngjandi ákvarðanir gagnvart starfsmanni. Slík erindi og bréf skulu undirrituð af framkvæmdastjóra og yfirmanni viðkomandi starfseiningar eftir því sem við á.

Stjórnendur skulu fara með stjórnunarvald sitt og starfsmannaábyrgð í samræmi við lög kjarasamninga reglur og ákvarðanir framkvæmdastjórnar og forstjóra.

III. Fjárhags- og rekstrarábyrgð

Deildarstjórar og yfirlæknar bera ábyrgð á rekstri og fjármálum sinna eininga gagnvart framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs.

Ábyrgðin nær meðal annars til:

- Launakostnaðar
- Starfsmannatengds kostnaðar
- Innkaupa
- Rekstrarkostnaðar
- Tekjuskráningar
- Birgða og eignavörslu
- Samningsbundinnar tekjuöflunar

Forstöðulæknar bera jafnframt ábyrgð á lækningatækjum og rekstrarkostnaði sem tengist lyfjaávísunum rannsóknum og annarri sérhæfðri þjónustu innan sinna starfseininga.

Stjórnendur skulu:

1. Tryggja að rekstur sé innan samþykktrar fjárhagsáætlunar
2. Tryggja hagkvæma nýtingu fjármuna
3. Fylgjast reglulega með rekstri og bregðast við frávikum
4. Taka þátt í gerð og endurskoðun fjárhagsáætlana
5. Taka þátt í forgangsröðun verkefna og hagræðingu eftir því sem við á

Fjárhagsáætlanir skulu byggja á:

- Starfsemi
- Mönnun
- Þjónustuþörf
- Fjárheimildum
- Viðhalds- og búnaðarþörf
- Áhættumati
- Stefnu sjúkrahússins

Nauðsynlegt er að fylgjast reglulega með því hvort fjárhagsáætlanir standist og grípa til viðeigandi ráðstafana ef frávik verða frá forsendum eða samþykktri áætlun.

12. Starfsreglur um ráðningar og ráðningavald á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Hér á eftir fara meginreglur um tilhögun á ráðningarvaldi launaákvörðunum og öðrum atriðum er lúta að starfsmannahaldi á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Ráðning starfsfólks

Ráðningarferli starfsmanna þarf að vera ljóst og skilvirkt og unnið í samræmi við reglur ríkisins og sjúkrahússins. Eftirfarandi gildir í þessu efni þar til annað er ákveðið:

1. Ráðningarsamningar verða fyrst fullgildir þegar handhafar ráðningarvalds á Sjúkrahúsinu á Akureyri hafa áritað samning auk starfsmanns.
2. Um sameiginlegar stöður Sjúkrahússins á Akureyri og Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólinn á Akureyri gilda reglur um Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri.

Ákvörðun um kaup og kjör

Áður en ákvörðun er tekin um auglýsingu í starf ber þeim sem að ráðningunni standa að taka tillit til eftirfarandi:

1. Hlutverk mannauðssviðs er m.a. að upplýsa leiðbeina og hafa yfirsýn yfir kjarasamninga stofnanasamninga og réttindi starfsmanna.
2. Stýrihópur jafnlauna sér um að meta öll ný störf sem stofnuð eru skv. starfsmatskerfi.
3. Launasetning yfirlækna/deildarstjóra er gerð í samvinnu mannauðssviðs og framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á gerð viðauka við ráðningasamning ef við á.
4. Mannauðssvið sér um launaröðun starfsmanna í samráði við yfirlækna/deildarstjóra og framkvæmdastjóra.

Starfsmannahald og eftirlit

1. Ráðningar til starfa skulu byggja á fyrir fram ákveðnum stöðuheimildum fyrir hvert svið og sérhverja starfseiningu. Stöðuheimildir sýna fjölda ársverka í helstu starfsmannahópum, s.s. aðstoðarmenn, hjúkrunarfræðingar, læknar, sjúkraliðar o.fl.
2. Framkvæmdastjórum ber að fylgjast með að starfsmannahald hlutaðeigandi starfseininga sé innan þeirra marka sem ákveðin eru.
3. Fari stöðugildi og launakostnaður hlutaðeigandi sviðs umfram áætlun verður ákvörðun um framsal á valdi til ráðninga endurskoðuð.

13. Erindisbréf forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Erindisbréf

forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri, skv. 1. mgr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 og 3. mgr. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri er skipaður af heilbrigðisráðherra, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Sjúkrahúsið á Akureyri starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 og í samræmi við önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli er varða starfsemi hans.

1. gr.

Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri er embættismaður í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 og fer um rétt hans og skyldur samkvæmt þeim.

2. gr.

Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri starfar í umboði heilbrigðisráðherra. Hann ber ábyrgð gagnvart ráðherra í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf þetta. Forstjóri ber ábyrgð á að starfsemi og þjónusta sjúkrahússins sé í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu og önnur gildandi lög, m.a. skulu samskipti við notendur heilbrigðisþjónustunnar vera í samræmi við lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Gæta skal ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 og upplýsingalaga, nr. 140/2012. Starfsmannamál skulu vera í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 og umsýsla fjármuna í samræmi við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

3. gr.

Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem veitt er á sjúkrahúsinu og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt, sbr. 3. mgr. 8. gr. a laga nr. 40/2007 og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996.

Meginhlutverk forstjóra er að tryggja að á Sjúkrahúsinu á Akureyri sé veitt fullkomnasta heilbrigðisþjónusta sem á hverjum tíma eru tök á að veita í samræmi við hlutverk stofnunarinnar innan heilbrigðisþjónustunnar.

Forstjóri skal vinna að því að sjúkrahúsið ræki hlutverk sitt hvað snertir þjónustu, kennslu og rannsóknir og skal m.a. eiga ríkt samstarf við háskólasamfélagið.

Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur sjúkrahússins skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits hennar. Þá ber forstjóra að leita álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu og skipulag sjúkrahússins. Enn fremur skal forstjóri hafa samráð við notendaráð við ákvarðanatöku um atriði er varða hagsmuni sjúklinga innan heilbrigðisstofnana þar sem það á við.

Forstjóri á sæti í samráðsnefnd forstjóra heilbrigðisstofnana, sbr. 15. gr. reglugerðar um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa nr. 1111/2020.

Forstjóri skal hafa forgöngu um þróun og eflingu heilbrigðisþjónustu á Sjúkrahúsinu á Akureyri í samræmi við stefnumörkun ráðherra og í samvinnu við þá aðila sem veita almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Norðurlands og á landinu öllu þar sem Sjúkrahúsið á Akureyri er varasjúkrahús Landspítala, sbr. 7. gr. b laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

4. gr.

Helstu verkefni forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri eru að:

- Hafa með höndum yfirstjórn Sjúkrahússins á Akureyri.

- Gera stjórnskipurit fyrir sjúkrahúsið í samráði við framkvæmdastjórn, sé slík starfandi og fagráð þess og leggja tillögu fyrir heilbrigðisráðherra til kynningar.
- Gera árlega starfs- og ársáætlun fyrir sjúkrahúsið í samráði við framkvæmdastjórn.
- Gera áætlanir fyrir sjúkrahúsið til þriggja ára í senn í samráði við framkvæmdastjórn og í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- Stjórna daglegum rekstri sjúkrahússins, ráða starfsmenn og bera ábyrgð á starfsmannahaldi.
- Tryggja að mönnun sé í samræmi við hlutverk sjúkrahússins.
- Vinna að nýjungum og umbótum í starfsemi sjúkrahússins með gæði þjónustu að leiðarljósi.
- Stuðla að gæðaþróun og árangursmati í starfi sjúkrahússins.
- Vinna að samhæfingu þjónustuþátta.
- Vinna að því að sjúkrahúsið annist starfsnám í heilbrigðisgreinum í samvinnu við menntastofnanir og aðrar heilbrigðisstofnanir.
- Efla teymisvinnu og þverfaglegt samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir.
- Vinna önnur verkefni sem heilbrigðisyfirvöld fela forstjóra.

5. gr.

Forstjóri getur framselt stjórnendum Sjúkrahússins á Akureyri eða öðrum starfsmönnum umsjón einstakra þátta starfs síns. Hann getur framselt vald, sem honum er veitt samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 til annarra stjórnenda sjúkrahússins, enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum.

6. gr.

Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri skal í samráði við framkvæmdastjórn sjúkrahússins, móta stefnu fyrir starfsemi sjúkrahússins fyrir a.m.k. næstu þrjú ár. Í stefnunni skal m.a. greina frá markmiðum og almennum áherslum og hvernig þeim verði náð með tilliti til áætlaðra fjárveitinga. Gera skal grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar mati á árangri starfseminnar og niðurstöðum slíks mats fyrir næstliðin ár. Stefnan skal staðfest af heilbrigðisráðherra. Þess skal gætt að markmið og áherslur sjúkrahússins séu í samræmi við gildandi stefnu fyrir það málefnasvið sem við á.

Í desember ár hvert skilar forstjóri heilbrigðisráðherra áætlun um starfsemi sjúkrahússins fyrir komandi fjárlagaár þar sem rekstur er lagaður að fjárveitingum. Í henni skal sýna ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga og áætlaða dreifingu útgjalda og tekna innan ársins. Jafnframt skal sýna markmið starfseminnar og þá mælikvarða sem beitt er við mat á árangri. Í lok mars ár hvert skal forstjóri skila ársskýrslu sjúkrahússins til heilbrigðisráðherra sem gerir grein fyrir árangri í starfsemi stofnunarinnar undanfarið ár með samanburði við þau markmið sem birt eru í starfsáætluninni ásamt uppgjöri.

Heilbrigðisráðuneytið heldur fund með forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri ár hvert þegar sjúkrahúsið hefur skilað ársskýrslu þar sem árangur ársins á undan er ræddur og skoðaður í ljósi langtímaáætlunar sjúkrahússins.

7. gr.

Forstjóri skal senda heilbrigðisráðuneytinu og embætti landlæknis þær upplýsingar um rekstur eða starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri sem óskað er eftir.

8. gr.

Ef útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum sjúkrahússins er ekki sinnt sem skyldi, þjónusta þess telst óviðunandi, sbr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 eða um er að ræða ástæður sem greindar eru í 2. mgr. 26. gr. laganna getur heilbrigðisráðherra veitt forstjóra áminningu, skv. 21 gr. þeirra laga. Um lausn frá embætti fer skv. VI. kafla sömu laga.

9. gr.

Erindisbréf þetta gildir þar til heilbrigðisráðherra ákveður annað.

Heilbrigðisráðuneytinu 27. maí 2026

Alma D. Möller
heilbrigðisráðherra

14. Yfirlýsing frá forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri

um framsal valds samkvæmt 50. gr. laga
um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996

Ákvæði 50. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (stml.) heimilar forstöðumönnum stofnana ríkisins að framselja vald sem þeim er veitt skv. sömu lögum til annarra stjórnenda hlutaðeigandi stofnana enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum stofnunar.

Á grundvelli þessa ákvæðis framselur forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri vald til stjórnenda skv. því sem nánar greinir í yfirlýsingu þessari og með vísan til meðfylgjandi reglna sjúkrahússins um framsal og meðferð ráðningarvalds.

Með framsali þessu heimilar forstjóri tilgreindum stjórnendum að taka ákvarðanir um þá þætti sem nánar greinir hér á eftir. Þrátt fyrir framsalið hefur forstjóri samhliða heimildir til aðgerða og ákvarðana um sömu þætti og getur afturkallað framsalið án fyrirvara. Sá sem valdið er framselt til hefur ekki heimild til að framselja það.

Framsal valds samkvæmt yfirlýsingu þessari telst ávallt ná til þess yfirmanns sem hærra er settur. Þegar gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri og hlutaðeigandi yfirmaður starfseiningar undirriti ráðningarsamning telst framkvæmdastjórinn vera framsalshafi valds samkvæmt yfirlýsingunni.

Með yfirlýsingu þessari framselur forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri vald til framkvæmdastjóra sjúkrahússins. Einstakir þættir valdsins eru framseldir með þeim hætti sem greinir hér á eftir sbr. meðfylgjandi reglur sjúkrahússins um framsal og meðferð ráðningarvalds. Eftirtaldir þættir valds eru framseldir til framkvæmdastjóra:

1. Ráðning starfsmanna svo og ákvarðanir um meðferð umsókna svo sem um aðgang að gögnum sbr. 15.–17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og veitingu rökstuðnings fyrir ákvörðun í samræmi við 21. gr. stjórnsýslulaga.
2. Gerð ráðningarsamninga skv. 42. gr. stml.
3. Upplýsingagjöf um starfskjör skv. 8. gr. stml. á grundvelli kjarasamninga og álits frá mannauðssviði.
4. Setning erindisbréfa eða starfslýsinga skv. 8. gr. stml.
5. Samráð við starfsmenn um orlof og orlofstöku skv. 11. gr. stml.
6. Ákvarðanir um vinnutíma skv. 17. gr. stml.
7. Að veita starfsmanni færi á að tjá sig áður en áminning er veitt eða uppsögn fer fram.
8. Að neyta annarra heimilda skv. ákvæðum IX. kafla stml.
9. Að annast eftirlit og fylgja eftir skyldum starfsmanna skv. IV. kafla stml. og taka allar þær ákvarðanir sem taldar eru nauðsynlegar í því sambandi.
10. Breytingar á störfum og verksviði starfsmanna skv. almennum stjórnunarheimildum forstöðumanns á grundvelli stml. og einnig skv. 19. gr. stml.
11. Að veita áminningu skv. 44. gr. sbr. 21. gr. stml.
12. Uppsagnir starfsmanna og/eða ákvarðanir um starfslok.
13. Að veita rökstuðning fyrir uppsögn.

14. Framlenging uppsagnarfrests.
15. Ákvörðun um starf annars staðar skv. 20. gr. stml.

Tekur framangreint m.a. til almennra fyrirmæla um starf ákvarðana um nauðsynlega yfirvinnu eftirlits með mætingu og viðveru.

Á sama hátt og öðrum starfsmönnum sjúkrahússins ber þeim sem vald er framselt til að fylgja settum verklagsreglum og ákvörðunum sem framkvæmdastjórn og forstjóri taka. Þessar ákvarðanir skulu kynntar og vera aðgengilegar þeim sem fara með framselt vald öðrum stjórnendum og starfsmönnum.

Framsalið nær ekki til annarra þátta en þeirra sem tilgreindir eru í yfirlýsingu þessari.

Láti framkvæmdastjóri af starfi sínu fellur hið framselda vald sjálfkrafa niður án sérstakrar tilkynningar. Láti forstjóri af starfi sínu fellur yfirlýsing þessi sjálfkrafa niður án sérstakrar tilkynningar.

Framsal þetta tilkynnir forstjóri starfsmönnum sjúkrahússins á þann hátt sem hann telur nauðsynlegan og skal framsalsins getið í ráðningarsamningum sjúkrahússins. Framsalshafar verða þeir einir sem fengið hafa formlega tilkynningu þess efnis frá forstjóra. Gildistími er frá og með undirritun yfirlýsingar þessarar og þar til annað verður ákveðið.

Framsal gagnvart hverjum og einum framsalshafa gildir frá og með dagsetningu framsalsbréfs eða dagsetningar sem þar er tilgreind sem gildistími framsals.

Akureyri, 1. júní, 2026

Guðjón Hauksson
forstjóri

Fylgiskjal: Sjá lið 12 - Starfsreglur um ráðningar og ráðningarvald á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

15. Handhafar valds frá forstjóra

Um framsal og meðferð valds fer samkvæmt yfirlýsingu forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri um framsal valds skv. 50. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og reglum Sjúkrahússins um framsal og meðferð valds.

Nöfn þeirra sem forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri hefur framselt vald, skv. 50. gr. laga nr. 70/1996.

Akureyri 01.06.2026

Handhafar valds frá forstjóra samkvæmt 50. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins:

Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga Frá 1. september 2023	Helgi Þór Leifsson, framkvæmdastjóri klínískrar þjónustu Frá 1. September 2023
Hulda Ringsted, framkvæmdastjóri hjúkrunar Frá 1. September 2021	Konráð Gylfason, framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stoðþjónustu Frá 1. September 2023
Hannes Petersen, framkvæmdastjóri klínískrar þjónustu Frá 1. Desember 2025 – 30. Júní 2026	Kristjana Kristjánsdóttir, undirritun ráðningarsamninga og breytingatilkynninga Frá 21. Nóvember 2025

16. Endurskoðun

Útgáfa	Höfundur	Lýsing	Dagsetning
Útgáfa 1	Framkvæmdastjórn		21.12.2012
Endurskoðun 1	Framkvæmdastjórn	Breyting – dauðhreinsun í sótthreinsun. Uppfærsla á nefndum.	Mars 2014
Endurskoðun 2	Framkvæmdastjórn	Breyting – apótek flutt undir framkvæmdastjóra lyflækningasvið og verður sjúkrahúsapótek. Bæklunarlækningar í bæklunarskurðlækningar. Slysa- og bráðalækningar verða bráðalækningar og slysa- og bráðamóttaka verður bráðamóttaka. Kafli um framkvæmdastjórn.	Janúar 2015
Endurskoðun 3	Framkvæmdastjórn	Umhverfisráð sett inn. Uppf. handhafar valds	Desember 2015
Endurskoðun 4	Forstjóri	Uppf. handhafar valds	Maí 2016
Endurskoðun 5	Forstjóri	Breyting – ný nöfn sviða: fjármála- og rekstrarsvið og bráða- og þróunar svið. Tölvu- og upplýsingatæknideild færð á fjármála- og rekstrarsvið með nýtt nafn upplýsinga tækni deild, gjörgæslu- og svæfingadeild skipt í tvennt, starfs mannaþjónusta með aukin verkefni, nýtt heiti deildar um vísindi, mennt un og gæði. Nýr stýri hópur um gæði og öryggi. Umsjón með kandidöt um og almenn um læknum á bráða- og þróunarsviði. Nýtt erindis bréf forstjóra. Uppfærð yfirlýsing um framsal valds. Texti skjalsins aðlagaður þess um breytingum.	Janúar 2018
Endurskoðun 6	Forstjóri	Fræðsluráð fært undir forstjóra frá starfsmannaþjónustu. Ákvæði um að til skulu vera staðgenglar	Október 2018

		framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga sett inn. Skólastjóri sjúkraflutningaskóla heyrir beint undir framkvæmdastjóra.	
Endurskoðun 7	Framkvæmdastjórn	Gæðamál og gæðastjóri heyra beint undir framkvæmdastjóra bráða- og þróunarsviðs. Nafnabreyting: deild mennta, vísinda og gæða verður deild mennta- og vísinda. Ný nefnd: upplýsingatækniráð skipað af forstjóra. Uppf. handhafar valds.	Desember 2018
Endurskoðun 8	Framkvæmdastjórn	Fagráð kemur inn og út fara læknaráð og hjúkrunarráð. Nafni starfs manna þjónustu breytt í skrifstofu forstjóra og skjala stýring, kynningar mál og umsjón og eftirfylgd með verkefnum framkvæmdastjórar færð undir skrifstofuna. Mannauðsstjóri í framkvæmdastjórn. Sjúkraflutningaskólinn skilgreindur sem stjórnendaeining. Sýkingavarnir heyra beint undir framkvæmdastjóra bráða- og þróunar sviðs. Barna- og ung linga geð lækningar færðar undir geðlækningar. Nafni læknaritara mið stöð var breytt í miðstöð heilbrigðisgagnafræðinga. Heimahlynning sett undir sem verkefni Almennu göngudeildarinnar. Upplýsingaöryggisnefnd kemur ný inn og stýrihópur gæða og öryggis settur undir	Apríl 2021

		forstjóra. Uppf. handhafar valds.	
Gagnger endurskoðun 10	Forstjóri	Unnið með KPMG sem leiddi til umfangsmikilla breytinga á stjórn skipulagi. Töluverðar breytingar á samsetningu framkvæmdastjórnar með nýjum heitum. Skrifstofa forstjóra lögð niður og falla verkefnin undir mannauðssvið. Fjármálastjóri starfar beint undir forstjóra.	September 2023
Endurskoðun 11		Húsumsjón, saumastofa, tæknideild og miðlæg aðstoð eru nú skilgreind undir rekstrardeild. Almennri göngudeild hefur verið skipt upp í dagdeild lyflækninga, göngudeild lyflækninga og dag- og göngudeild skurðlækninga. Skrifstofa forstjóra hefur verið skilgreind sem sérstök starfseining á ný. Heiti endurhæfingar- og öldrunarlækningadeildar á Kristnesi er breytt í endurhæfingadeild. Uppfærð erindisbréf forstjóra, yfirlýsing forstjóra um framsal valds og handhafar valds frá forstjóra. Öryggisteymi fært undir teymisstjóra rekstrardeildar, meinafræði færð af sviði klínískrar þjónustu undir deildarstjóra rannsóknadeildar.	Júní 2026